

Fundur 6.2.2023 Móðir Teresa.

Góða kvöldið komið þið sælir.

*Velkominn, góða kvöldið.*

Æfinlega gott að tala við ykkur og vona ég að mér takist að senda ykkur orku og blessun og einnig þau sem fjarstödd eru.

*Ég þakka fyrir það.*

Já, ég hef verið að styrkjast stöðugt eftir að ég kom á þennan hnött og er í svo mörg horn að líta að ég hef þurft að taka mér sérstakan tíma í það að efla mig að nýju þar sem mörg erindi koma frá gömlu jörðinni.

Og hefur mér verið kennt að endurnýja sjálfa mig betur en áður og langaði mig mjög að segja frá síðasta framlífi mínu þegar ég talaði til ykkar frá eyðimörk og hvernig breytingar urðu á mínum háttum en ekki veit ég hvort mér tekst það allt að þessu sinni.

En mikilvægt er að fyrirgefa, halda fast í það góða úr trúarbrögðunum og sameina fólkið þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og áföll sem verða í lífinu.

Talaði ég til ykkar nýlega og vildi gjarnan segja frá minni æfi betur en hef ég ekki tök á því að þessu sinni.

En vil ég enn minna ykkur á að nota mitt nafn og mína tengingu við að hjálpa öðrum og hef ég sambönd við fólk á jörðinni, hef reynt að hjálpa áfram, verð ég nú að kveðja ykkur reyni að koma síðar.

Móðir Teresa.

*Já takk fyrir og vertu velkomin aftur. Blessuð.*